

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 19. nóvember 2020, til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Blesugróf 30 og 32, birtist í

Frétta- og Lögbirtingablaðinu 24. nóvember nk. Tillagan eru í kynningu frá 24. nóvember 2020 til

og með 7. janúar 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/blesugrof-30-og-32>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. nóvember 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 12. nóvember 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Blesugrófar vegna lóðanna nr. 30 og 32 við Blesugróf. Í breytingunni felst að breytt er texta í skilmálum varðandi byggingarmagn og þar af leiðandi breytt nýtingarhlutfall. Ástæða breytingarinnar er uppgæfið byggingarmagn í lóðarleigusamningi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **24. nóvember 2020 til og með 7. janúar 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 7. janúar 2021. Vinsamlegast notið uppgæfið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,

Þuríður Guðmundsdóttir

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa skipulagsfulltrúa

Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík